

75. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir ^{1863.} vesturumdæminu, um frest með borgun fyrir korn. 10. septbrm.

Í bréfi 10. aprílmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá, að sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu hafi sent yður þjár bænarskrár frá þrem hreppum þar í sýslunni: Staðarsveit, Nes-hrepp innan Ennis og Nes-hrepp utan Ennis, um að þeim annaðhvort verði öldungis upp gefin skuld sú, sem þeir standa í fyrir nokkuð af rúgi, er þeir fyrrum höfðu fengið af láns-korninu, sem svo er kallað, eður að minnsta kosti borgunar-fresturinn verði lengdur; hafið þér og skýrt frá, að þér hafið ritað sýslumanni, að þér ekki gætuð veitt hreppum þessum lengri frest með borgun þess parts af skuldinni og þeirra vaxta af henni, sem greiðast átti í fyrra haust, en til loka nóvembermáu. þ. á.

Um þetta efni skal yður hërmeð kunngjört, til þess þér hagið yður þareptir, að stjórnarráðið fellst á úrskurð þann, er þér hafið lagt á bænarskrár þessar, og skorar jafnframt á yður að senda hingað á síðan skýrslu um, hvort hreppar þessir á þeim tíma, sem nú var greint, hafi borgað þenna áfallna hluta skuldar sinnar ásamt því, sem þá á enn fremur að borga af skuldinni sjálfri og í vöxtu af henni.

76. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 11. septbrm. vesturumdæminu, um framfærsluhrepp Friðriks Friðrikssonar og fraskilinnar konu hans og barna hennar.

Í skjali nokkru, er hingað kom með bréfi yðar, herra amtmaður, 30. marzm. þ. á., hefir Páll Guðmundsson, hreppstjóri í Reykhóla hrepp í Barðastrandarsýslu, farið þess á leit, að dómsmálastjórnin breyti úrskurði, er þér kváðuð upp 8. d. ágústm. 1861, en eptir honum eiga þau Friðrik Friðriksson og fraskilin kona hans Kristín Jónsdóttir og börn hennar sveitarframfærslu í áðurgreindum hrepp, ef þau verða þurfandi sveitarstyrks, og